

KJARVAL

20% afsláttur

ANDI STEMMING?

2329 KR. KG

Goða lambalærisneiðar piparmarineraðar

20% afsláttur

1598 KR. KG

Gourmet léttreyktar hunangs grisakófilettur

498 KR. PK.

Goða Grillborgarar 4 stk.

15% afsláttur

349 KR. STL.

Billys Pan Pizza 2 tegundir

30% afsláttur

998 KR. KG

Goða Bratwurst grillpylsur

998 KR. 800g

Mattfugl kjúklingabollur / -snitsel

30% afsláttur

489 KR. PK.

Helloggs Cornflakes 750g

30% afsláttur

799 KR. PK.

Coke - Coke Zero - Coke Light 12 dósir í pk.

10% afsláttur

99 KR. STL.

Brazzi 1L 2 teg.

25% afsláttur

749 KR. PK.

Shop Rite 3 stk. eldhúsrúllur

199 KR. PK.

Náttúra 700g bókunarkartöflur

599 KR. STL.

Home-Plus einnota grill

499 KR. STL.

Grillkveikjari langur

- Ódýrt fyrir heimilið -

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum

SAMHERJAR

FÉLAG ELDRI BORGARA

**MÝRDAL OG
A-EYJAFJÖLLUM**

SAMHERJAFÉLAGAR

Súpufundur föstudaginn 1. maí
í Leikskálum kl. 12:00

Ath. breyttan fundartíma

Gestur fundarins verður
Helga Þorbergsdóttir,
hjúkrunarfræðingur.

**Mætum öll á síðustu
samveruna fyrir sumarhlé**
Stjórnin

**Gledilegt sumar
og takk fyrir veturinn.**

Sunnudagaskólinn á Klaustri sem
vera átti 3. maí nk. er frestað um
viku til **sunnudagsins 10. maí.**

Sóknarprestur

**Aðalsafnaðarfundur
Víkursóknar 2009**

Aðalsafnaðarfundur Víkursóknar árið
2009 verður haldinn í Víkurkirkju,
þriðjudaginn 5. maí nk. kl. 20:30.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf.
Önnur mál.

Sóknarnefnd

**VITINN sendir auglýsendum og
lesendum öllum
bestu óskir um gleðilegt sumar,
þakkar fyrir veturinn
Kveðja, Útg.**

18. TBL. 13. ÁRGANGUR ÞRIÐJUDAGINN 28. APRÍL 2009

SMÁAUGLÝSINGAR

*“Hrukkurnar auka bara virðuleikann
og vitna um að maður hafi gengist
undir fáein próf í skóla lífsins.”*

(Gunnar Gunnarsson úr “Heiðarlegur falsari”)

**Tökum vel á móti Gunnari Gunnarssyni
á Raularanum!**



Mýrdælingar og nærsveitarnir athugið

Sigurður Ingi Sveinbjörnsson meindýraeyðir,
verður í Mýrdalnum dagana 12. til 15. maí nk..


Sigurður Ingi úðar fyrir flugum og skordýrum á garða
og í húsum úti og inni.

*Peir sem vilja nýta sér þjónustu hans
vinsaml. hafið samband í síma 487 1237 eða 892 9682, Finnbogi.*

Nú er sumar
gleðjist gumar,
gaman er í dag.
Brosir veröld víða.
veðurlagsins blíða
eykur yndis hag.

Látum spretta
spori létta
spræka fáka nú.
Eftir sitji engi,
örvar víf og drengi
sumarskemmtun sú.

Tíminn líður,
tíminn býður
sælan sólskinsdag.
Yndi er úti á grundum,
yndi heim þá skundum
seint um sólarlag.



Steingrímur Thorsteinsson.

Raularinn 2009

Hótel Höfðabrekku

fimmtudaginn 30. apríl

Húsið opnar kl 18:30

Keppnin hefst kl. 21:00

**Sætaferðir frá bankaplaninu í Vík kl. 20:30
og til baka eftir ball**

Aðgangseyrir kr. 1.500 - í reiðufé!

**Munið eftir hraðbankanum - og
raularakaffinu í Kaupþingi**

*Samantekt vikuna
20. til 27. apríl 2009*

LÖGREGLAN HVOLSVELLI
„Nú er komið sumar og sólin úti skín.“ Já
enn á ný er vorið komið og fuglarnir syngja sitt
fegursta ljóð. Þessi vika var mjög góð hjá
lögreglunni á Hvolsvelli. 140 mál voru skráð
hjá okkur í vikunni. Ekkert slys varð í umferðinni
eða við leik og störf. Þó voru 45 öku-
menn að flýta sér og voru teknir fyrir að aka of
hratt. Hraðinn var samt ekki mjög mikill en sá
sem hraðast ók var á 120 km hraða, þar sem 90

km hámarkshraði er. Átta voru boðaðir í
skoðun með bifreiðar sínar. Margir ökumenn
voru stöðvaðir við umferðareftirlit um helgina
og reyndist enginn vera undir áhrifum áfengis
eða fíkniefna. Erum við mjög ánæðir með þá
útkomu.

Kosningar til alþingis fóru fram á lau-
gardaginn og fylgdi því að aka með kjörgögn
áleiðis á Selfoss m.a. frá Höfn í Hornafirði,
Öræfum, Klaustri, Vík, Hvolsvelli, Hellu og
sveitunum öllum í hring.

Tekið saman af, Guðmundi Inga Ingasyni,
varðstjóra, Kirkjubæjarklaustri

Aðalfundur Krabbameinsfélags V-Skaftafellssýslu

Verður haldinn á Ströndinni í Vík í Mýrdal
Þriðjudaginn 5. maí klukkan 20:30.


Dagskrá:

Hefðbundin aðalfundarstörf
Kosning stjórnar

Ragnheiður Alfreðsdóttir hjúkrunarfræðingur verður með fræðsluerindi um ristilkrabbamein og segir frá stuðningsstarfi Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands við krabbameinssjúklinga og aðstandendur.

Kaffiveitingar

Fundarstjóri er Gunnjóna Una Guðmundsdóttir félagsráðgjafi.
Stjórnin



Fimmtudaginn 21. apríl sl. fannst þessi hvalur rekinn í Reynisfjöru í Mýrdal
(Andarnefja 9 m. langur.) Á myndinni virðir Jón Hjaltason fyrir sér hvalrekann.
Myndog texti: Jónas Erlendsson

Fundargerð Mýrdalshrepps

445. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, haldinn fimmtudaginn 16. apríl 2009 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík. Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu. Oddviti, Þórhildur Jónsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:
Sveitarstjóri gerir grein fyrir verkefnum frá síðasta fundi.

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð fjallskiladeildar eystri frá 6. apríl 2009.

Á fundinum var tekið til umræðu bréf Óskars og Ragnars Þorsteinssona sbr. fund 444 þar sem þeir sækja um leyfi til upprekstrar á u.þ.b. 60 ám með lömbum í Höfðabrekkuafrétt.

Í samræmi við umsögn fjallskiladeildarinnar samþykkir sveitarstjórn erindið með 4 atkvæðum. Karl situr hjá. Frekari fjölgun fjár verður ekki heimiluð nema að undangenginni athugun á beitarpóli.

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

III. Málefni til umfjöllunar / afgreiðslu.

1. Ársreikningur 2008, fyrri umræða.

Á fundinn er mættur Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi sem kynnir reikninginn.

Fyrir liggur ársreikningur Mýrdalshrepps fyrir árið 2008, undirritaður af endurskoðanda, sveitarstjóra og skoðunarmönnum. Samkvæmt ársreikningnum námu rekstrartekjur samstæðunnar 313,3 millj. kr. Rekstrargjöld með afskriftum námu 292,0 millj. kr. og fjármagnsgjöld voru neikvæð um 27,4 millj. kr. Rekstarniðurstaða samstæðu er því neikvæð um 6 millj. kr. Heildareignir samstæðu nema 443,1 millj. kr. Skuldir og skuldbindingar nema 251,5 millj. kr. Eigið fé nemur 191,6 millj. kr.

Ársreikningi 2008 vísað til seinni umræðu.

2. Skipun í nefndir - bréf Sveins Þórðarsonar dags. 31. mars 2009.

Með bréfinu óskar Sveinn eftir lausn frá störfum sem formaður skipulags- og byggingarnefndar þar sem hann treystir sér ekki til að fylgja eftir samþykkt skiplags- og byggingar-

nefndar um veglínu í aðalskipulagstillögu frá 159. fundi nefndarinnar og samþykkt sveitarstjórnar um sama málefni frá 444. fundi sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn þakkar Sveini störf hans í þágu sveitarfélagsins.

D-listinn tilnefnir eftirfarandi í skipulagsnefnd:

Páll Tómasson formaður

Steinþór Vigfússon

Varamenn:

Brynjólfur Birgir Harðarson í stað Steinþórs Vigfússonar

Sigríður Kjartansdóttir í stað Guðm. Emils Sæmundssonar.

Samþykkt með 3 atkvæðum, Karl og Elín sitja hjá.

3. Orkumál.

Fyrir liggur greinargerð Íslenskra orkurannsóknna, ÍSOR-09034, um möguleika á að ná vatni fyrir hitaveitu í Vík. Niðurstaða skýrslunnar er að vænta megi nokkurs árangurs af skáborun sem skera myndi sprungukerfi á um eða yfir 1000 m dýpi. Borstaður er efst á Suðurvíkurtúni undir Hrafnatindabrekkum.

Sveitarstjóra er falið að láta vinna kostnaðaráætlun og hagkvæmniútreikninga fyrir hitaveitu og sækja um lán til borunar til Orkusjóðs í samræmi við reglugerð nr. 514/2003 um sjóðinn.

4. Framkvæmdaáætlun 2009.

Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 er gert ráð fyrir fjárfestingum upp á 47,7 millj. kr. þar af til verklegra framkvæmda fyrir um 34 millj. kr.

Fyrirliggjandi framkvæmdaáætlun samþykkt með áorðnum breytingum.

5. Kjörskrá.

Fyrir liggur kjörskrárstofn vegna Alþingiskosninganna 25. apríl n.k. Á kjörskrá eru 352.

Sveitarstjórn samþykktir fyrirliggjandi kjörskrá.

IV. Fundargerðir til kynningar:

1. Fundargerð 17. fundar félagsmálanefndar frá 11. mars 2009.

2. Fundargerð 33. fundar barnaverndarnefndar frá 25. mars 2009.
3. Fundargerð 113. fundar stjórnar skólaskrifstofu frá 16. mars 2009.
4. Fundargerð 116. fundar heilbrigðisnefndar frá 27. janúar 2009.
5. Fundargerð 117. fundar heilbrigðisnefndar frá 17. mars 2009.
6. Fundargerð 283. fundar stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 1. apríl 2009.
7. Fundargerð 7. fundar stýrihóps um Green Globe frá 24. mars 2009.
8. Fundargerð 422. fundar stjórnar SASS frá 19. mars 2009.
9. Fundargerð aukafundar fulltrúaráðs EBÍ frá 20. mars 2009.
10. Fundargerð aðalfundar Vottunarstofunnar Túns frá 20. mars 2009.

V. Annað kynningarefni

1. Bréf KSÍ dags. 24. október 2008.
2. Bréf menntamálaráðuneytis dags. 12. mars 2009.
3. Bréf húsafríðunarnefndar dags. 10. mars 2009.
Fram kemur að Mýrdalshreppur fær styrk 1,5 millj.kr. til endurbyggingar Skaftfellingsbúðar.
4. Tölvubréf Símans dags. 23. mars 2009.
5. Bréf UMFÍ dags. 13. mars 2009.
6. Bréf Umhverfisstofnunar dags. 16. mars 2009.
7. Bréf Heilbrigðiseftirlits Suðurlands dags. 24. mars 2009.
8. Bréf Þorsteins Magnússonar dags. 7. apríl 2009.
9. Ársskýrsla Fræðslunets Suðurlands.
10. Bréf Búnaðarfélags Hvammshrepps dags. 31. mars 2009.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:35

Þórhildur Jónsdóttir oddviti, Sif Hauksdóttir, Elín Einarsdóttir, Sveinn Pálsson sveitarstjóri, Karl Pálmason

Minnkur í hæniskofa

Það var heldur óskemmtileg aðkoma hjá henni Birnu á Norður Hvoli sl. miðvikudag í hæniskofann sinn, þegar hún kom að hænsumnum öllum dauðum og hananum líka, dreift um allt gólf og allt í fiðri. Venjulega dregur minnkurinn hænurnar saman í hrúgu en svo virðist sem þetta kvikindi hafi ekki gefið sér tíma til þess eða ætlað að koma aftur til að draga veiðina saman. Hafði bitið þær á hálsinn og sögið úr þeim blóðið. Iðulega klippir hann hausinn alveg af, en þetta hefur trúlega verið viðvaningur í faginu.

Hænurnar voru 19 og einn hani. Þetta var ekki síst skaði svo ekki sé nú talað um leiðindin fyrir það að Birna var að koma sér upp Landnámshænum, var langt komin að hreinrækta stofninn.

Venjulega kemur minnkurinn að næturþeli en þessi hefur komið á miðjum degi því maturinn hjá hænunum frá deginum áður var hér um bil ósnertur. Smá gat fannst á þakinu sem er hellulagt, þar hefur ódámurinn smogið inn.

Alltaf er að verða vart við minnk hér á svæðinu annað slagið, en Magnús Kristjánsson (tengdafaðir Birnu) þó búinn að veiða mikið af mink í gildrum.

Eftir þessa uppkomu hjá Birnu er öllum hænseigendum ráðlegt að huga vel að húsum sínum, kanna hvort ekki leynist einhversstaðar gat. E.



Klausturbúar og nærsveitamenn!

Verðum á Kirkjubæjarklaustri dagana 1.- 6. maí

Pantið tíma í alla almenna snyrtingu
Upplýsingar í síma 861 9181

Heiðís Steinsdóttir snyrtifræðingur
og Þórhildur Karlsdóttir fótaaðgerðarfræðingur

Verðum á Skaftárvöllum 2 á Klaustri

geymið auglýsinguna

Vinnuvélanámskeið

Réttindanámskeið fyrir allar gerðir vinnuvéla verður haldið á Kirkjubæjarklaustri og byrjar laugardaginn 2. maí 2009

Upplýsingar og innritun í
síma 894-2737 / 482-3070



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Suðurlandi

Á döfinni.....

Þrónakaffihúsið á Halldórskafti kl. 20:30 síðasti hittingur 7. maí

Tannlæknir á Klaustri 3. og 4. maí 2009.

Aðalfundur Krabbameinsfélags Vestur-Skaftafellssýslu haldinn á Ströndinni þann 5. maí kl. 20.

Raularinn 2009 Hótel Höfðabrekku fimmtudaginn 30. apríl

Búnaðarfélögin í Mýrdalnum fara í heimsókn í Austur Skaftafellssýslu 6.-7. júní n.k

Sunnudagaskólinn á Klaustri sunnu-daginn 10. maí.

Aðalsafnaðarfundur Víkursóknar árið 2009 Víkurkirkju, þriðjudaginn 5. maí nk. kl. 20:30.

Sigurður Ingi Sveinbjörnsson meindýraeyðir, verður í Mýrdalnum dagana 12. til 15. maí nk.

málsháttur vikunnar
SANNGIRNIN ER SÁTТА MÓÐIR